

# HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Á BLÖNDUÓSI

50 ára

1956 - 2006

# Dagskrá

*50 ára afmælisdags HSB sem haldinn er hátíðlegur 18. febrúar 2006*

## 11.00 – 13.00

Starfsfólk kemur saman á gangi annarrar hæðar. Tónlistaratriði. Ávörp frá framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og formanni starfsmannafélags ofl. Tónlistaratriði. Eftir athöfn er starfsfólki boðið í mat.

## 14.00 – 15.00

Sérstök hátíðardagskrá fyrir boðsgesti á gangi annarrar hæðar. Gengið er inn frá aðalinngangi heilsugæslu. Auk framkvæmdastjóra Valbjörns Steingrímssonar flytja ávörp og ræður Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, Sigursteinn Guðmundsson fv. yfirlæknir og fleiri. Flutt verða tónlistaratriði í byrjun og síðar. Þá munu ýmsir velunnarar færa stofnuninni gjafir í tilefni dagsins.

## 15.00 – 18.00

Opið hús og kaffisamsæti fyrir Húnavetninga og aðra gesti. Gestum boðið til kaffisamsætis auk þess að ganga um húsið og fræðast um starfsemina. Skyggusýning með fræðsluefni í fundarsal, kvikmyndasýningar um starfsemi stofnunarinnar eftir Sigurstein Guðmundsson verða í borðsal og baðstofu dvalardeildar. Einnig er myndlistarsýning Guðríðar B. Helgadóttir á gangi annarrar hæðar, ljósmyndasýning

Valbjörns Steingrímssonar í borðsal, þá er einnig kynning frá ýmsum tímum á sérstökum spjöldum vítt og breytt um húsið. Þá verður gamla skurðstofan sett upp með gömlum tækjum og búnaði. Á dvalardeild verður sýning á aðbúnaði dvalarheimilisfólks eins og hann var á árum áður.

Tannlæknastofan verður til sýnis auk annarra deilda stofnunarinnar. Sérstök sýning verður í þvottahúsi auk þess sem það verður handverksýning á dvalardeild en sýningin er unnin af vistfólki. Starfsfólk mun verða á öllum deildum og veita upplýsingar um starfsemina.

Kaffiveitingar verða á þremur stöðum í húsinu, borðstofu á jarðhæð, fundarsal á annarri hæð og í baðstofu Dvalardeildar. Sjúkraflutningamenn munu sýna sjúkrabíla stofnunarinnar neðan og austan við stofnunina.

Tónlistarskólinn ásamt Félagi harmonikkunnenda í Austur Húnavatnssýslu og Lúðrasveit Tónlistarskólans á Blönduósi annast flutning tónlistaratriða frá 13.40 til 14.00 og einnig í anddyri frá kl. 15.00 til 17.00.

Dagskrárlök eru kl. 18.00. Húnavetningar og aðrir eru hvattir til að sækja stofnunina heim á þessum tímamótum.

Útgefandi: Heilbrigðisstofnunin Blönduósi,  
Flúðabakka 2 540 Blönduós - Kt. 511297 2309  
www.hsb.is

Blaðið er gefið út í tilefni 50 ára afmælis  
Héraðshælis Austur Húnavetninga,  
nú Heilbrigðisstofnunin Blönduósi  
18. febrúar 2006

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Valbjörn Steingrímsson

Aðrir í blaðstjórn:  
Sigursteinn Guðmundsson  
Kristinn Bjarnason  
Sigurlaug Markúsdóttir

Prófarkalestur: Helgi Arnarsson

Ljósmyndir:  
Valbjörn Steingrímsson, Hanna K. Jørgensen  
Sigursteinn Guðmundsson o.fl.

Prentun og hönnun: Nýprent ehf. Sauðárkróki

## EFNISYFIRLIT:

Bls. 2	Dagskrá
Bls. 3	Kveðjur frá Trygginga- og heilbrigðismálaráðherra
Bls. 3	Kveðja frá landlækni
Bls. 4	Að skipta máli
Bls. 4	Starfsemi HSB
Bls. 5	Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi 50 ára 1. janúar 2006
Bls. 11	Héraðshæli Austur Húnavetninga
Bls. 12	Hjúkrunarþjónusta frá 1956 - 2006



## KVEÐJA FRÁ HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi á sér mikla sögu og langa, heilbrigðisstarfsmenn héraðsins hafa verið farsælir og sinnt þjónustu við íbúana af kostgæfni. Þetta kemur fyrst í hugann þegar ég lét hann reika aftur í tímann. Á svona tímamótum er einmitt hollt, að líta fyrst yfir farinn veg og síðan fram á eftir brautinni og setja sér raunhæf

markmið á þessu mikilvæga sviði.

Fimm tíu ár er langur tími í lífi manns, en ennþá lengri í lífi heilbrigðisstofnunar. Fyrir hálfri annarri öld voru tvær sýslur gerðar að einu læknihéraði og Jósepi Skaftasyni veitt það stóra hérað. Breytingarnar sem urðu í heilbrigðisþjónustu héraðsins næstu hundrað árin, eða þar til flutt var inn í húsnæði heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi voru miklar, en breytingarnar í heilbrigðisþjónustunni sem hafa átt sér stað síðan eru byltingakenndar. Eitt hefur þó ekki breyst en það vidleitni þeirra sem starfa á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar, að sinna þeim sem leita sér aðstoðar og það er einmitt brýnast að hafa þetta hugfast þegar menn setja sér framtíðarmarkmiðin.

Þjónustan sem veitt er á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi hefur vitaskuld breyst í árunna rás en reksturinn á Blönduósi og Skagaströnd þar sem veitt er hefðbundin þjónusta heilsugæslustöðva er til fyrirmyndar. Sama má segja um heimaþjónustuna sem veitt er og þjónustuna við skólana þrjá, sem þjónað er, og stoðþjónustuna sem rekin er í á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar hér. Fyrirkomulag sérgreinaþjónustu er og stofnuninni til mikils sóma fyrir utan þá tæknilegu nýbreytni sem framsýnir stjórnendur hafa byggt upp í þjónustunni við almenning á svæðinu.

Ég óska starfsmönnum Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi alls hins besta á tímamótunum sem nú er fagnað og ég er sannfærður um að trúmennska í því starfi sem menn inna af hendi við sjúka og þá sem til stofnunarinnar leita verður áfram einkenni heilbrigðisþjónustunnar sem hér er veitt. Þannig halda menn áfram hátt á lofti því merki sem forverarnir reistu af miklum metnaði.

*Jón Kristjánsson  
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra*



## KVEÐJA FRÁ LANDLÆKNI

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi er hálfri öld gömul um þessar mundir. Upphaf stofnunarinnar er miðað við tilurð Héraðshælis Austur-Húnavetninga. Húsið var byggt fyrir atbeina og undir leiðsögn Páls V.G. Kolka, fyrrverandi héraðslæknis, og inn í það var flutt á milli jóla og nýárs 1955. Í þessu efni voru Austur-Húnavetningar

stórhuga sem fyrr og lýsti Páll húsinu sem svo að “á Blönduósi er nú risinn upp stærsti og veglegasti héraðsspítali landsins”. Þetta var þó að sjálfsgöðu ekki upphaf heilbrigðisþjónustu á þessum slóðum og rekja má hana allt til Þingeyrarklausturs. Enn fremur lét Páll Kolka hafa það eftir sér að flestir þeir sem lærðu til læknis á fyrstu öld íslenskrar læknaskipunar eða fram til 1850 hafi átt kyn sitt að rekja til Víðidalstunguættar. Sannaðist þar e.t.v. það sem annar Austur-Húnavetningur sagði löngu síðar að “aldrei hefði fæðst heimskur maður í Húnaþingi”.

Umfang heilbrigðisþjónustu á Blönduósi og eðli hennar hefur að sjálfsgöðu breyst á þessari hálfu öld en mikilvægi hennar ekki. Þrátt fyrir vaxandi sérhæfingu í heilbrigðisþjónustu og bætтар samgöngur verður mikilvægi nærþjónustu í heimabyggð seint fullmetið. Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi hefur þess vegna haldið áfram að þróast í þá veru að sinna fyrst og fremst heilsugæslu, bráðmeðferð og þjónustu við langveika, ekki síst aldraða. Jafnframt er veitt ýmis konar sérgreinaþjónusta við stofnunina af læknum sem koma í heimsóknir. Ljóst er að grunn- og frumþjónusta af þessu tagi verður aðalsmerki stofnana á borð við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi og þessu hlutverki sinna þær mun betur en stærri og flóknari stofnanir.

Ég vil leyfa mér að óska Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi til hamingju með hálfri öld afmæli og veit að næsta hálfu öld verður ekki síður viðburðarrík í sögu stofnunarinnar, Húnavetningum og öðrum til gagns. Vil ég taka undir með Páli Kolka að “þessi stofnun verði svo úr garði gerð að sýslunni verði til sóma og margir menn utan héraðs og innan fái þar bót meina sinna og njóti þar líknar”.

*Sigurður Guðmundsson,*



## AÐ SKIPTA MÁLI

Þegar stofnun eins og Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi stendur á þeim tímamótum að hún hefur starfað í núverandi húsakynnum í 50 ár og vitandi það að saga heilbrigðisstarfsemi í héraðinu nær yfir enn lengri tíma má ljóst vera að að slík stofnun skiptir máli. Annars væri hún ekki til. Alla tíð hafa húnvetningar haft mikinn metnað varðandi sitt hérað og þá stofnun sem nú heldur upp á

50 ára afmæli sitt. Það hefur verið mikil gæfa þessarar stofnunar að hjá henni hefur allajafnan starfað afbragðs fólk hvort heldur horft er til hins ófaglærða starfsmanns eða hinna fagmenntuðu. Í slíku starfi eru allir hlekkir mikilvægir þó óhjákvæmilega beri meira á þeim sem starfið leiða hver á sínu sviði en hinna. Fjölmargir einstaklingar hafa í gegnum tíðina einnig komið að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu

héraðsins og mun í þessu blaði verða varpað ljósi á þá sem þar stóðu fremstir í flokki og með dugnaði og elju hrintu þessu framtaki af stað sem var bygging héraðshæslisins á þeim tíma. Þótt fortíðin sé glæst má ekki gleyma því að horfa þarf til framtíðar því hún skiptir enn meira máli og miklu skiptir að fólk á landsbyggðinni og sérstaklega í hinum smærri byggðum haldi vöku sinni því ef það er ekki gert getur góð þjónusta fljótt breyst í slaka.

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi er ekki aðeins mikilvæg litið til þeirrar þjónustu sem hún veitir því hún er stærsti vinnustaður héraðsins og eru að jafnaði um 70 til 80 manns á launaskrá um hver mánaðarmót. Hlutverk hennar og mikilvægi í atvinnulegu tilliti er því mikið og vonandi verður svo um ókomna tíð. Ég vil að lokum fyrir hönd okkar í framkvæmdastjórn óska starfsfólki HSB, skjólstæðingum og velunnurum til hamingju með daginn og þakka af heilum hug samstarf og samhug á liðnum árum

*Valbjörn Steingrímsson  
framkvæmdastjóri*

## Starfssemi HSB

- Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi rekur hefðbundna heilsugæslustöð á Blönduósi og Skagaströnd.
- Heilsugæslan sinnir heimahjúkrun og skólahjúkrun í 3 skólum sem staðsettir eru á Blönduósi, Skagaströnd og Húnavöllum. Heimahjúkrun er vaxandi þáttur í starfsemi.
- HSB rekur einnig sjúkradeild, hjúkrunarheimili og dvalardeild. Fjöldi rýma skiptist í 4 sjúkrarými, 32 hjúkrunarrými og 10 rými á dvalardeild.
- Ýmis stoðþjónusta tengist slíkum rekstri, s.s. rannsóknarstofa, röntgendeild, sjúkrabjálfun, rekstur skrifstofu, sjúkrabifreiða, mötuneytis og viðhaldsdeildar. Þá heldur stofnunin úti neyðarþjónustu allan sólahringinn.
- Fjölmargir sérfræðingar í ýmsum sérgreinum öðrum en heimilislækningum koma til stofnunarinnar og sinna sérhæfðari málum, s.s. sálfræðingar, augnlæknir, háls nef og eyrnalæknir, bæklunarlæknir, húðlæknir, barnalæknir ofl.
- Að jafnaði eru starfandi um 70 til 80 manns hjá stofnuninni í um 60 stöðugildum.

### Umfang starfseminnar

Mikilvægt er fyrir stjórnendur ofl. að vita um umfang starfseminnar og því er miklum tölfraðiupplýsingum safnað. Flest samskipti eru skráð.

- 10.000 komur á ári eru að jafnaði skráðar.
- Farið er í um 1.000 vitjanir.
- Skráð eru um 7.500 símtöl til og frá læknum.
- Um 130 sjúkraflutningar eru farnir á ári.
- Að jafnaði eru um 10.500 legudagar á ári á sjúkradeild og hjúkrunarsviði.

- Skráð eru um 3.000 símtöl til og frá hjúkrunarfræðingum.
- Fjöldi rannsókna er um 31.500 á ári.
- Samtals eru skráð samskipti starfsfólks við skjólstæðinga um og yfir 20.00 á ári.
- Fundaraðastaða stofnunarinnar er mikið nýtt, s.s. vegna fræðslu ofl.
- Fjölmörg ráð og nefndir starfa inna veggja stofnunarinnar, s.s. framkvæmdastjórn, starfsmannaráð, starfsmannafélag, skemmtinefnd, gæðanefnd, fræðslunefnd ofl.

### Aðrar fróðlegar staðreyndir um HSB

- Stofnunin er í um 6.000 m<sup>2</sup> húsi á Blönduósi en verið er að byggja nýtt hús undir starfseminni á Skagaströnd sem tekið verður í notkun í ágúst á þessu ári.
- Innan veggja stofnunarinnar á Blönduósi er einnig rekin lyfjabúð, tannlækir er hér með aðstöðu sem og snyrtifræðingur.
- Á síðasta ári var stofnunin fyrst stofnana á landsbyggðinni til að taka í notkun stafræna tækni á myndgreiningardeild.

### Framtíðin

- Ekki líkur á að dregið sé úr þjónustu á svæðinu.
- Frekar væntingar til aukningar og þá helst á öldrunarsviði og á endurhæfingarsviði.
- Stækkun hjúkrunarrýmis og minnkun dvalardeildar.
- Aukin samvinna stofnana á svæðinu.
- Hugsanlega rekstur sjúkrahótel.
- Dagvist aldraðra.
- Reksturinn gengur í aðalatriðum vel.

# Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi 50 ára 1. janúar árið 2006



Sigursteinn Guðmundsson

Á þessum tímamótum á vel við að grípa niður í sögu heilbrigðismála á Íslandi almennt svo og hvernig þessi mál hafa þróast hér í Austur-Húnavatnssýslu.

Saga skipulegrar heilbrigðisþjónustu hér á Íslandi spannar um tvær og hálfu öld. Árið 1760 var Bjarni Pálsson (f. 1719 – d. 1779) skipaður landlæknir og var hann fyrstu árin eini lærði læknirinn hérlendis. Síðan bættust

við nemendur hans, því honum var auk umsjónar heilbrigðismála og að veita sjúkum læknishjálp, einnig falið að kenna efnilegum skólapiltum lækningar. Voru nemendur hans að loknu prófi skipaðir fjórðungslæknar. Eftirmenn Bjarna héldu í fyrstu uppi kennslu í læknisfræði, en síðar féll þessi kennsla niður, sem hafði það í för með sér að fjölgun lækna varð mjög hæg í fyrstu. Árið 1860, eða einni öld eftir að Bjarni Pálsson var skipaður landlæknir, voru hér aðeins 7 embættislæknar auk landlæknis. Aftur á móti urðu hér stórstígar framfarir eftir að Jón Hjaltalín tekur upp kennslu í læknisfræði að nýju 1862 og þó einkum eftir stofnun Læknaskólans 1876.

Jafnhliða fjölgun lækna var landinu skipt í fleiri læknishéruð. Árið 1875 voru héruðin orðin 20 og síðan fjölgaði þeim enn meir smám saman. Í læknaskipunarlögunum frá 1955 var gert ráð fyrir 56 héruðum utan Reykjavíkur og þó einu betur, en í það hérað var aldrei neinn læknir skipaður.

Lækningaumsvif voru í byrjun ekki mikil og læknar gegndu margvíslegum störfum öðrum en lækningum. Kom þar hvortvegga til, að mjög lítið var vitað um orsakir sjúkdóma, þeir voru lítt sundurgreindir og sérhæfðar lækningar og lyf þar af leiðandi af skörnum skammti. Einnig ber að geta þess að samgöngur voru um þetta leyti mjög tregar og þar af leiðandi ferðalög mjög erfið. Árum saman átti fólk því erfiitt með að leita til hinna lærðu lækna og aðsókn að þeim minni eftir því sem læknishéruðin voru stærri.

Til gamans má geta þess að undir aldamótin síðustu vannst héraðslækni tími til, segir sagan, að auk þess að vera sjúkrahússlæknir við eina sjúkrahúsið í einum landsfjórðungi, þá starfaði hann sem lyfsali, sparisjóðsstjóri, póstafræðslumaður og bóksali. Auk þessa var hann bæjarfulltrúi og hafði með ýmiss nefndarstörf að gera.

Fyrsta almenna sjúkrahúsið hérlendis var reist í Reykjavík árið 1866 og á Akureyri 1873. Lengi fram eftir öldum var sjúkrahúsum ætlað það hlutverk að veita sjúkum líkn og voru því fyrst og fremst stofnanir sem tóku við sjúklingum til vistunar.

Skurðlækningum voru mikil takmörk sett fram til þess tíma að nothæf svæfingarlyf komu fram og má rekja upphaf svæfinga til miðbiks 19. aldar. Sýkingar voru annar tálmi á leið skurðlækninga, en með uppgötvun bakteríanna á 8. tug 19. aldar lagði Lister grunninn að ígerðavörnum og smiteyðingu. Teknar voru upp aðferðir til að sótthreinsa áhöld, lín og umbúðir og upp úr aldamótunum 1900 hófst hér blómaskeið skurðlækninga.

Frá því innlend læknakennsla hófst áttu læknar, að loknu námi hér, kost á framhaldsnámi í Kaupmannahöfn og 1871 var orðin skylda hverjum lækni að dvelja nokkurn tíma á fæðingarstofnun þar í borg. Þangað urðu læknar því að sækja að loknu námi hér heima þar til Landsspítalinn tók til starfa upp úr 1930. Þessar ferðir til Kaupmannahafnar voru upphafið að því að íslenskir læknar sóttu sitt framhaldsnám til annarra landa.

Árið 1905 fara embættislausir læknar að setja sig niður og starfa,



Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi og tengdar byggingar í dag

fyrst aðallega í Reykjavík og þá sem sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum læknisfræðinnar. Jafnframt þessu voru mikil umsvif í byggingu almennra sjúkrahúsa og sjúkraskýla.

Árið 1902 rís Landakottspítali. Árið 1904 eru sjúkrahúsin orðin 6 og 1918 eru þau orðin 19. Árið 1930 bættist síðan Landsspítalinn í hópinn og þá eru sjúkrahús og sjúkraskýli talin 36 með um 1000 rúmum. Venja var að þessi sjúkraskýli voru mörg í sambandi við bústaði héraðslækna. Tíðkaðist það mjög að héruðin kæmu sér upp sjúkraskýlum með styrk úr ríkissjóði.

## Þróun heilbrigðismála eftir 1940

Heimstyrjöldin síðari olli straumhvörfum í heilbrigðismálum, svo sem öðrum þáttum þjóðlífsins. Í fyrsta lagi ollu breyttir atvinnuhættir því að kippt var fótunum undan rekstri margra sjúkraskýla. Rekstur þeirra varð sífellt umfangsminni og mörg þeirra hættu alveg að taka á móti sjúklingum. Á stríðsárunum lokaðist Evrópa alfarið. Læknar gátu ekki lengur leitað þangað til framhaldsnáms eins og áður. Leiðir þeirra lágu nú vestur um haf til Bandaríkjanna. Sérhæfing innan læknisfræðinnar hafði byrjað að marki fyrir stríð, en jókst nú um allan helming samfara aukinni þekkingu og tækni. Sérgreinar urðu sífellt fleiri og fleiri auk þess sem þær greindust sífellt í fleiri undirgreinar. Afleiðing þess varð m.a. sú að fremur fáir læknar bættust í hóp þeirra sem stunduðu almennar lækningar.

Um þetta leyti eflust ýmsar lækningarannsóknir og flókn- um tækjabúnaði var nú sífellt meira beitt. Nýjar starfsstéttir urðu til sem sérþjálfun höfðu í slíkum rannsóknnum. Þessari sérhæfðu þjónustu var fyrst og fremst komið á í höfuðborginni. Sjúkrahúsin á landsbyggðinni drógust aftur úr og gátu ekki búið sérfræðingum þau skilyrði sem þeir höfðu unnið við erlendis, en þeim stóð til boða í Reykjavík. Samfara þessu verður mikil bylting í samgöngum. Sífellt verður auðveldara að koma sjúklingum með skjóttum hætti til Reykjavíkur eða Akureyrar, en Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur verið eina sjúkrahúsið utan Reykjavíkur sem hefur þróast í átt til verulegrar sérhæfingar.

Samfara því að sérfræðingum fjölgaði, fækkaði þeim læknum stöðugt sem stunduðu almennar lækningar. Erfiðlega gekk því að manna læknishéruðin. Var því sett á sú skylda að læknanemar skyldu starfa í héraði í a.m.k. 6 mánuði áður en þeir fengu lækningaleyfi. Ekki er ágreiningur um hvað olli heimilislæknaskortinum um þessar mundir. Má þar nefna námsuppeldið, en það hefur beint læknum

að sérhæfingu. Þá má nefna fremur léleg starfsskilyrði og faglega einangrun. Sú þróun sem hér hefur verið lýst er ekkert sér íslenskt fyrirbæri því samskonar þróun átti sér stað um þetta leyti í nágrannalöndum okkar.

Almannatryggingalögin sem samþykkt voru 1946 höfðu að geyma ákvæði um heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar og var þessum stofnunum ætlað svipað hlutverk og heilsugæslustöðvunum í dag. Lækningastöðvar komust aldrei upp en heilsuverndarstöðvar komust upp allvíða. Lög um heilsuvernd voru sett árið 1955.

Litið var til nágrannalandanna varðandi þessi mál. Í Bretlandi var samfelld þróun í þessum efnum og heilsugæslustöðvar sem þar voru byggðar reyndust með ágætum. Jafnframt tóku fleiri og fleiri lækningar þar upp hópstarf og var þeim í heilsugæslustöðvum búin góð starfsskilyrði. Þetta starfsfyrirkomulag þótti læknum hérlendis líklegt til að leysa þann vanda sem hér var við að glíma á þessum tíma. Augljóst var að auðvelt yrði að koma slíku skipulagi á í stærri kaupstöðum, en lögbundin héraðsskipun var tálmi í dreifbýli. Úr þessu bætti Alþingi fljótlega. Með nýjum læknaáskilum 1965 var fjöldi læknaáskila 54 utan Reykjavíkur og jafnframt kom nýtt ákvæði um að ráðherra væri heimilt að sameina héruð að uppfylltum vissum skilyrðum. Árið 1969 var aftur gerð breyting á læknaáskilum. Komu nú inn í lögin ákvæði um að ráðherra væri heimilt að stofna læknaáskilastöðvar. Nú voru engar hindranir lengur fyrir því að lækningar hér tækju upp hópstarf við heimilislækningar hvar sem væri á landinu þar sem skilyrði að öðru leyti væru fyrir hendi. Loks var svo skrefið stigið til fulls með setningu laga um heilbrigðisþjónustu nr. 56/1973 um starfssvið heilsugæslustöðva.

Á heilsugæslustöðvum skal veita eftirfarandi þjónustu:

1) almenna læknaþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga, 2) lækningarannsóknir, 3) sérfræðilega læknaþjónustu, tannlækningar, og 4) heilsuvernd.

Orðið heilsugæsla getur raunar haft víðari merkingu. Sjúkrahús hafa þar einnig mikið hlutverk. Þau eru ómissandi hluti heilbrigðiskerfisins, en heilbrigðiskerfið á að veita borgurunum alhliða þjónustu, bæði á sviði lækninga og sjúkdómavarna. Í samræmi við þetta segja lögin að þar sem aðstæður leyfa skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því og í sömu byggingu sé þess kostur.

## Heilbrigðismál í Austur Húnavatnssýslu

Hér að framan hefur verið dregið á það helsta varðandi þróun heilbrigðismála hér á landi frá 1760 er Bjarni Pálsson var skipaður landlæknir eins og áður er getið.

Við spyrjum nú hvernig var heilbrigðismálum háttað hér í Húnavatnssýslu? Húnavatnssýslur voru með þeim fyrstu hér á landi sem fengu til sín lærðan lækni, Jósep Skaftason (f. 1802- d.1875) í Hnausum, ættaður frá Skeggjastöðum í Bakkafirði. Hann hafði verið skrifari og kennari, segir í bókinni Héraðsstjórn í Húnaþingi, hjá Birni Blöndal sýslumanni í Hvammi um 1830, en var síðan ráðinn til starfa sem læknir Húnavatninga árið 1835. Honum var síðan gert að þjóna Skagafjarðarsýslu einnig. Árið 1856 voru þessar tvær sýslur gerðar að einu læknaáskilastöð og Jósepi veitt það læknaáskilastöð.

Í læknaáskilunarlögunum frá 1875 var gerð breyting á þessu fyrirkomulagi, enda umdæmið svo stórt, að nánast ógerlegt var að sinna því af einum manni. Húnavatnssýsla vestan Blöndu var þá gerð að sérstöku læknaáskilastöð, en Húnavatnssýsla austan Blöndu og Skaga-fjarðarsýsla gerð að öðru læknaáskilastöð að undanteknum Fells-, Bard- og Knappsstaðaprestaköllum. Læknum var skylt að setjast að á tilteknum stað í hverju héraði að ákvörðun landshöfðingja, en hann átti að leita eftir áliti sýslunefnda fyrst.

Fyrsti læknirinn sem sat á Blönduósi var Sigurður Pálsson (f. 1869 – d. 1910), en hann var skipaður læknir í 15. aukalæknaáskilastöð 12.

## Héraðslæknar sem setið hafa í Austur Húnavatnssýslu.

### Héraðslæknisembættin sem slík voru síðan lögð niður nokkru eftir tilkomu heilsugæslustöðvanna



Jósep Skaftason  
f. 1802 - d.1875  
Starfaði 1835 - 1875



Sigurður Pálsson  
f. 1869 - d. 1910  
Starfaði 1897 - 1899



Björn Blöndal  
f. 1865 - d. 1927  
Starfaði 1899- 1901



Júlíus Halldórsson  
f. 1850 - d. 1924  
Starfaði 1901 - 1906



Jón Jónsson  
f. 1869 - d. 1942  
Starfaði 1906 - 1922



Kristján Arinbjarnar  
f. 1892 - d. 1947  
Starfaði 1922 - 1931



Jónas Sveinsson  
f. 1895 - d. 1967  
Starfaði 1932- 1934



Páll V. G. Kolka  
f. 1895 - d. 1971  
Starfaði 1934 - 1960



Hannes Finnbogason  
f. 1923 - d. 2003  
Starfaði 1960 - 1962



Óli Kr. Guðmundsson  
f. 1925 - d. 1995  
Starfaði 1962



Sigursteinn Guðmundsson  
f. 1928  
Starfaði 1963 - 1998



Möllershús

aðsetur læknanna í Blönduósshéraði þar til lokið var við að byggja Héraðshælið árið 1956.

Eftir Júlíusi Halldórssyni lækni tók Jón Jónsson (f. 1869 – d. 1942) við héraðinu 1906 og gegndi hann starfi héraðslæknis til ársins 1922. Þess má geta um Jón að hann var einnig snjall tannlæknir og smíðaði tennur m.a. í fólk hér í Húnavatnssýslu. Jón flutti síðar til Reykjavíkur og starfaði sem tannlæknir um nokkurt árabil.

Eftir Jóni tók Kristján Arinbjarnar (f. 1892 – d. 1947) við héraðinu 1922 og gegndi því til ársins 1931. Jónas Sveinsson (f. 1895- d. 1967) gegndi héraðinu árin 1932 til 1934, en þann 16. mars 1934 gerðist Páll Valdimar Guðmundsson Kolka (f. 1895 – d. 1971) héraðslæknir Húnavetninga en Páli þakka Húnavetningar mest hans framgöngu og dugnað í sambandi við byggingu Héraðshælisins á sínum tíma. Páll flutti til Reykjavíkur um mitt ár 1960. Eftir daga Páls Kolka hér í Húnaþingi störfuðu aðeins stutt þeir Hannes Finnbogason (f. 1923 – d. 2003) og Óli Kristinn Guðmundsson (f. 1925 – d. 1995), en Sigursteinn Guðmundsson (f. 1928) tók við héraðinu 1. janúar 1963. Hann lét af störfum vegna aldurs í lok árs 1998. Sigursteinn er búsettur á Blönduósi. Fyrir ekki all mörgum árum voru síðan héraðslæknisembættin lögð niður sem slík. Í dag starfa heimilislæknar í heilsugæslustöðvum og eru því nefndir heilsugæslulæknar.



Gamli spítalinn og læknisbústaðurinn á Blönduósi

### Þróun sjúkráhusmála í A-Húnavatnssýslu

Á sýslufundi í mars 1901 var lagt fram erindi frá Birni Blöndal héraðslækni þar sem hann fer fram á að sýslunefndin veiti styrk til þess aðila á Blönduósi er vill taka að sér að hýsa og hjúkra 3-4 sjúklingum og nefndi hann Önnu Þorsteinsdóttur starfandi ljósmóður í því sambandi. Sýslunefndin samþykkti að veita 100 kr. í styrk til þessa verkefnis. Ekki er vitað hvort að af þessu hefur orðið.

júní 1897. Náði það hérað yfir Torfalækjarhrepp, Svínvatnshrepp, Bólstaðarhlíðarhrepp, Engihlíðarhrepp og Vindhælishrepp. Með stofnun þessa 15. aukalæknishéraðs var viðurkennd sú staðreynd að eldri læknisumdæmin voru allt of stór, jafnhliða því sem vól varð nú á æ fleiri menntuðum læknum. Sigurður var á Blönduósi þar til 1899 er hann var skipaður læknir í 9. læknishéraði og fluttist þá til Sauðárkróks.

Eftir Sigurði Pálssyni tók Björn Blöndal (f. 1865 – d. 1927) við héraðinu og starfaði hann til ársins 1901, en þá var hann skipaður læknir í Miðfjarðarhéraði og fluttist til Hvammstanga.

Það var með nýju læknaskipunarlögunum frá 1899 að Blönduósshérað varð til. Júlíus Halldórsson (f. 1850 – d. 1924) var fyrsti læknirinn, sem skipaður var læknir í það hérað, en Blönduósshérað náði yfir Húnavatnssýslu austan Gljúfurár og gegndi Júlíus héraðinu fram á mitt ár 1906. Hann sat fyrst að Klömbrum í Vesturhópi en frá 1901 á Blönduósi.

Fyrstu læknarnir sem sátu á Blönduósi höfðu aðsetur í húsi er Möller átti. Húsið stendur enn og er við Blöndubýggð 6 og er í eigu Jóhannesar Guðmundssonar. Júlíus reisti aftur á móti á árunum 1901 til 1903 stórt og vandað hús, sem stendur enn og gengur undir nafninu gamla læknishúsið. Þetta hús varð síðan



„Líkkistan“ Fyrsta húsið sem notað var undir sjúkrahúshald

Eftir árið 1906 er enn tekið til með að hreyfa nauðsyn þess, að koma upp sjúkraskýli hér á Blönduósi. Virðast sýslunefndarmenn ekki hafa haft mikinn áhuga á málinu þá. Þó fór svo að árið 1913 lét sýslunefndin af hendi rakna kr. 150. Var héraðslækni ætlað að taka á leigu fyrir þá fjárhæð húsnæði fyrir sjúklinga ef þörf krefði. Tekið var á leigu hús það sem gekk lengi undir nafninu „Líkkistan“ vegna byggingarlagsins. Hús þetta hefur nú verið rífið, en það stóð rétt við hús Björns Einarssonar trésmíðs, en hús Björns er hið fræga Hillebrandtshús, sem mun vera með elstu húsum landsins. Þarna í „Líkkistunni“ hófst sjúkrahúshald í september 1913 og lauk í júní 1915. Árið 1916 voru teknar á leigu 2 stofur í húsi Zophoníasar Hjálmssonar, sem rúmuðu 4 sjúklinga. Sjúkraskýli þetta mun hafa verið í notkun í 2 ár því árið 1918 er ekki getið um sjúklinga þar. Loks með styrk úr ríkissjóði var hafist handa um byggingu sjúkraskýlis sunnan við Læknibústaðinn og tók það til starfa árið 1923 en var 6 árum síðar stækkað.

Í mars 1925 keypti sýslunefndin allar fasteignir Jóns Jónssonar fyrrverandi héraðslæknis svo og tún hans, svonefnt Læknistún, þar sem síðar reis Héraðshæli Austur-Húnvetninga.

Lyfjabúð var lengi í kjallara læknisbústaðarins en Guðmundur Kolka, sonur Páls, keypti síðar svo kallað Hemmertshús og var þá lyfjabúðin flutt þangað. Hemmertshúsið er staðsett aftan við Hótelíð og eftir Guðmundi eignaðist Snorri Arnfinnsson hótelhaldari húsið og fékk húsið þá nafnið Snorrahús. Þess má geta að um tíma var þetta hús í eigu Heilbrigðisstofnunarinnar og var notað fyrir íbúðir starfsfólks. Í dag er húsið í eigu Erlendar Magnússonar smíðs sem hefur gert húsið upp í sinni upprunalegu mynd. Húsið er mjög fall-egt og gaman að því skuli vera vel við haldið. En víkjum áfram að sjúkrahúsinu eða sjúkraskýlinu sem byggt var í tengslum við læknisbústaðinn. Í tíð Páls Kolka kom fram að tímabært var orðið að huga að nýrri og betri aðstöðu fyrir heilbrigðisþjónustu héraðsins. Hann vann að þessum málum af miklum dugnaði og stóðu Austur-Húnvetningar af alhug saman um þetta miklvæga verkefni.

Við skulum láta Pál Kolka sjálfan segja frá, en erindi eftir hann birtist í Húnvetningi, sem kom út 1956 eða sama ár og Héraðshælið var tekið í notkun.



Snorrahús í des. 2003, áður Hemmertshús.

## Héraðshæli Austur-Húnvetninga: útdráttur úr grein Páls V.G. Kolka

„Hlutur sá, er Húnvetningar hafa lagt fram til heilbrigðismenn-  
ingarr Íslendinga, er tiltölulega meiri að vöxtum og innihaldi en  
annarra landsmanna, svo sem alkunnugt er. Um miðbik sýslunn-  
ar spratt snemma upp sú menningarvind, sem síðan hefur aldrei  
þorrið með öllu, tilorðin úr þremur kvíslum, sem kenna má við  
Breiðabólstað, Víðidalstungu og Þingeyrar. Öllum er kunnug sú  
iðkun sögufræða, sem fram fór á þessum stöðum, en í Föður-  
túnum hef ég einnig bent á þýðingu þeirra fyrir iðkun læknislistar  
í landinu. Munkar af reglu heilags Benedikts varðveittu á miðöld-  
um þær leifar, sem til voru af læknislist fornaldar, og undirbyggju  
á ýmsan hátt jarðveginn fyrir gróður síðari alda, en á Þingeyrum  
var merkilegasta klaustur þessarar reglu á Norðurlöndum og þó  
viðar væri leitað. Flestir þeir, sem lærðu til læknis á fyrstu öld  
íslenskrar læknaskipunar, eða fram til 1850, áttu kyn sitt að rekja  
til Víðidalstunguættar, og kunnari en frá þurfi að segja er hlut-  
deild húnvetnskra lækna í því að ryðja hér á landi braut þeim  
kenningum Pasteurs og Listers, sem orðið hafa eitt af frumskilyrð-  
um nútímamenningar, en hún var óhugsandi, ef ekki væri hægt  
að halda í skefjum þeim drepsóttum, sem áður herjuðu á heims-  
byggðina. Þá má og minnst þess, að fyrir 120 árum sýndu Hún-  
vetningar það framtak fyrstir landsmanna að ráða til sín lærðan  
lækni og hann ágætan, þar sem var Jósep Skaftason í Hnausum,  
en létu sér ekki nægja þá mjög takmörkum háðu læknaskipan,  
sem ákveðin var á þeim tíma af dönskum yfirvöldum.

Húnvetningar hafa nú sýnt, að þeir hafa enn þann gamla arf í  
fullum heiðri og vilja ekki vera eftirbátar í heilbrigðismálum því  
að hér á Blönduósi er nú risinn upp stærsti og veglegasti héraðs-  
spítali landsins og hefur ekkert framfaramál Austursýslunnar átt  
svo miklum almennum vinsældum að fagna sem það. Því bera  
vitni þær miklu og mörgu gjafir, sem þessari stofnun hafa borist  
frá svo að segja hverju heimili sýslunnar. Þessar gjafir hafa gert það  
mögulegt að koma húsinu upp á skemmri tíma en ella og hafa  
gert meira gagn en krónutalan ein fær greint, því að vegna þeirra  
hefur enginn óþarfur dráttur orðið á framkvæmd verksins, en  
við drátt framkvæmda fara mikil verðmæti í súginn, svo sem sýnt  
hefur sig við smíði ýmissa annarra sjúkrahúsa um svipað leyti.  
Ríkissjóður hefur þann hátt á að greiða aldrei sinn hlut fyrir  
en eftir á og þó ekki einu sinni að fullu ár hvert, en okkur, sem að  
þessu verki höfum staðið, hefur orðið ótrúlega vel til með lánsfé  
í bili, svo að aldrei hefur þurft að draga úr hraða verksins vegna  
fjárskorts, þótt stundum hafi hurð skollíð nærri hælum, því hér er  
um að ræða dýrt fyrirtæki, sem kostar um sex milljónir króna, um  
það er lýkur. Er það fyrst og fremst að þakka frjálsum framlögum  
héraðsbúa sjálfra og annarra velunnara, auk þess hve vel hefur  
tekist til með verkstjórn og vinnubrögð. Munu ýmsir hafa hugsað  
svipað og gáfaður Vestur-Húnvetningur einn, sem fylgdist með  
framkvæmd verksins og kvað hann ganga kraftaverki næst.

Vil eg nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum þeim, sem að  
verkinu hafa unnið og stutt hafa það með fjárframlögum. Hafa  
sum þeirra komið mjög á óvart, svo sem dánargjöf frá íslenskrri  
konu vestan hafs, en sú gjöf nam nær 70 þúsund krónum.”

Síðan rekur Páll Kolka byggingarsögu Héraðshælisins og segir:  
„Ekki er hægt að segja, að flanað hafi verið að þessum fram-  
kvæmdum, því að þær voru í undirbúningi í 5-6 ár áður en fyrsti  
grunnsteinninn var lagður.”

Eins og komið hefur fram var fyrir byggingu Héraðshælisins að-  
eins lítið og að flestu leyti ófullkomið sjúkraskýli úr timbri reist á

árunum 1922-32, en læknihúsið sjálft var, eins og áður er getið, reist af Júlíusi Halldórssyni lækni á árunum 1901-1903 og var því orðið eitt elsta lækni-setur landsins í opinberri eign, eins og Páll Kolka orðar það. Sjúkraskýlið, þótt þar hafi verið gerðar margar aðgerðir á sínum tíma, var orðið mjög á eftir tímanum, vinnuskilyrði þröng og afar erfið, húsið illa staðsett í bænum mitt í umferðinni, sem óx með ári hverju. Það var einnig gert úr timbri og innan um önnur timburhús, sem eldhætta stafaði af. Flestir ef ekki allir héraðsbúar voru sammála um, að reisa þyrfti nýtt sjúkrahús og lækni-bústað.

Hér eins og víðar var talsverður áhugi fyrir stofnun dvalarheimilis fyrir eldri borgara sýslunnar, sem sýndi sig m.a. í því að Geitaskarðshjónin, Sigríður Árnadóttir og Þorbjörn Björnsson, gáfu sýslunni 10 þúsund krónur í því skyni á sextugsafmæli Þorbjarnar 12. janúar 1946.

Páll Kolka segir í áður nefndri grein að hann hafi allt frá stúdentsárum sínum haft áhuga fyrir húsgerðarlist. Hann keypti sér bækur og tímarit um það efni og hafði sér til gamans að "yrkja" hús, eins og hann segir sjálfur frá. Hann gerði sér grein fyrir að rekstrarkostnaður sjúkrahúss og hjúkrunarheimilis myndi verða erfiður, einkum þegar um væri að ræða litlar stofnanir. Það hlýti því að verða bæði ódýrara og hentugra að sameina þessar stofnanir og setja undir sama þak öll þau húsakynni, sem lúta að heilbrigðisþjónustu héraðsins. Þess vegna samdi Páll um það bil 10 árum áður frumvarp til laga um Héraðshæli og fékk þingmenn kjördæmisins til að flytja það, en það fékk ekki náð fyrir augum heilbrigðisstjórnarinnar eða alþingis. Þetta frumvarp vakti þó áhuga héraðsbúa enda hefur nafnið festst við það nýja hús, sem nú er risið.

Rétt er að geta þess að þegar sýslunefndin hafði samþykkt að hefja framkvæmdir við byggingu Héraðshælisins kaus hún þriggja manna nefnd, sem átti að undirbúa fjáröflun og annað sem þurfti til að framkvæmdir gætu hafist. Í þessari nefnd áttu sæti þeir Páll Kolka, Guðbrandur Ísberg, sýslumaður og Hafsteinn Pétursson, sýslunefndarmaður. Nefnd þessi leitaði samvinnu við kvenfélög og ungmennafélög sýslunnar. Um það leyti er framkvæmdir skyldu hefjast var kosin 7 manna framkvæmdanefnd en í henni áttu sæti 3 fulltrúar frá sýslunefnd og kom þá Björn Pálsson í stað Hafsteins, frúrnar Þuríður Sæmundsen og Elísabet Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi A.-H., en Guðmundur Jónasson, bóndi í Ási og Snorri Arnfinnsson, gestgjafi, frá Ungmennasambandi A.-H. Formaður nefndarinnar var Guðbrandur Ísberg, sýslumaður.



Sveinn Ásmundsson byggingameistari

Jónatan J. Líndal frá Holtastöðum átti hugmyndina að staðsetningu Héraðshælisins en húsið var reist á svokölluðu lækni-túni ofan við Blöndubró. Héraðshælið er teiknað af Halldóri Halldórssyni, arkitekt í samráði við Pál Kolka, lækni, sem eins og áður getur hafði mikinn áhuga á húsa-gerðarlist. Byggingameistari var Sveinn Ásmundsson frá Ásbúðum á Skaga og yfirmiður var Skúli Jónasson frá Eidsstöðum. Héraðshælið er hátt í 9 þúsund rúmmetrar að stærð og tók um 32 mánuði að byggja það. Flutt var í húsið milli jóla og nýárs 1955. Allt verkið mun hafa kostað um 5,6 milljónir króna á verðlagi þess tíma.

Varðandi frekari upplýsingar um Héraðshælið vísast til áður nefndrar greinar Páls V.G. Kolka í tímaritinu Húnavetningur frá 1956.

## Frekari þróun heilbrigðismála í Austur-Húnavatnssýslu

Öll Austur-Húnavatnssýsla er nú orðin eitt lækni-hérað aftur eða frá 1. janúar 1974 er núverandi heilbrigðislöggjöf gekk í gildi. Þess má geta hér, að áður fyrr var Austur-Húnavatnssýsla eitt lækni-hérað, en frá árinu 1954 fram til 1. janúar 1974 voru héruðin tvö, Blönduóss-lækni-hérað og Höfðalækni-hérað, en Höfðalækni-héraði tilheyrði Höfðahreppur og Skagahreppur. Frá árinu 1966 hefur ekki setið lækni á Skagaströnd. Lárus Jónsson lækni (f.1896 – d. 1983), sem var síðasti lækni-rinn sem sat á Skagaströnd, veiktist 1966 og kom ekki aftur til starfa. Frá þeim tíma var því Höfðalækni-héraði þjónað frá Blönduósi, en síðar eða árið 1974 voru héruðin aftur sameinuð eins og áður getur.



Héraðshælið á Blönduósi

Lækni-bústaður var ekki til á Skagaströnd um þær mundir, en var í byggingu er Lárus lét af störfum. Byggingu hans lauk 1967 og fluttist þá aðstaða heilbrigðisþjónustunnar á Skagaströnd þangað. Hafa lækarnir frá Blönduósi haft þar móttöku þrisvar í viku en utan þess hefur oftast setið ljósmóðir eða hjúkrunafræðingur á Skagaströnd og séð um heilbrigðisþjónustu þar ásamt læknum.



Heilsugæslustöðin á Skagaströnd

Í Austur-Húnavatnssýslu var enginn fastur tannlækni starfandi þar til Sturla Þórðarson settist að á Blönduósi um áramótin 1973-1974. Með komu hans var brotið blað í sögu heilbrigðismála í héraðinu.



Sturla Þórðarson tannlækni

Fram að þeim tíma þurftu héraðsbúar að leita útfyrir héraðið til að fá þá þjónustu en þó komu hingað tannlækna af og til og störfuðu oftast í stuttan tíma. Við keyptum hingað notaðan tannlækna-stól og oft var hægt að bjarga tönnum með bráðagerðavíðgerðum sem kom sér vel.

Eins og komið hefur fram var Héraðshælið allt í senn, vistheimili fyrir aldraða, sjúkrahús og heilsugæslustöð. Auk þess voru þar til húsa vistarverur fyrir marga starfsmenn stofnunarinnar. Þegar ég, undirritaður, kom hér fyrst til starfa 1959 voru hér sjúkrahús fyrir 26 sjúklinga en ætíð voru aukarúm í gangi svo mun fleiri sjúklingar lágu oft þar inni. Á dvalarheimilinu á efstu hæð Héraðshælisins var pláss fyrir 26 einstaklinga og var það jafnan full



Læknisbústaðurinn á Blönduósi

skipað. Með tilkomu dvalarheimilisins leystust mörg brýn vandamál. Til þessa var enginn ákveðinn staður fyrir gamalt og ellihrumt gamlalmenni. Þau höfðu fengið aðsetur eða húsaskjól hjá ættingjum og vinum eins og í Reykholti á Skagaströnd þar sem fjölskyldan tók að sér að veita slíku fólki húsaskjól og umhirðu. Jafnvel fannst mér eins og til væru einstaklingar, sem virtust eins og tilheyra vissum jörðum. Allt þetta fólk átti nú kost á húsaskjoli og heimili á þessu nýja dvalarheimili í Héraðshælinu, heimili sem hjónin frá Geitaskarði minntust á og gáfu fé til árið 1946. Þetta fólk var þakklátt fyrir húsaskjolið en gerði ekki kröfur eins og nú 50 árum síðar. Þá má að lokum geta þess að hér í Héraðshælinu leit margur Húnavetningurinn sinn fyrsta dag.



Hnitbjörg

## Heildarskipulag af sjúkrahússlóðinni

Fyrir tilstilli sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu var gert heildarskipulag af sjúkrahússlóðinni árið 1968. Á því skipulagi var gert ráð fyrir, auk stækkunar Héraðshælisins, að byggðar yrðu íbúðir fyrir aldraða, sem byggjast skyldu í tveimur áföngum og skyldu tengjast Héraðshælinu. Einnig var á þessu skipulagi gert ráð fyrir að á sjúkrhússlóðinni risu íbúðir, bæði fyrir lækna og annað starfsfólk því á þeim tíma var erfitt að fá faglært fólk til starfa út í dreifbýlið nema með vissum skilyrðum m.a. að íbúðir væru til staðar.

Framkvæmdir hófust svo með byggingu læknisbústaðar og var hann tekinn í notkun í júní 1970. Síðan risu fyrstu hjónaíbúðirnar. Áttu þær í upphafi að vera fimm, en þar sem grunnur íbúðanna reyndist mjög erfður og dýr þótti rétt að bæta einni hæð við og urðu íbúðirnar því 10 eða helmingi fleiri en í upphafi var gert ráð fyrir. Grunnurinn reyndist mjög djúpur og varð því til þar ágætur kjallari þar sem komið var fyrir, auk geymslu fyrir íbúðirnar, aðstöðu fyrir tómsundavinnu fyrir eldri borgara héraðsins. Þessi tómsundaadstaða hefur komið sér vel og verið vel nýtt í gegnum árin og er enn. Þetta hús, með íbúðum aldraðra, fékk nafnið Hnitbjörg og var vígt í mars 1980.

Hnitbjörg átti aðeins að vera fyrsti áfanginn, en fyrirhugað var að næsti áfangi skyldi hýsa einstaklingsíbúðir, matsal og fönduraðstöðu. Í þeim áfanga var hugsað fyrir lyftu, sem þjóna átti báðum byggingunum. Þessi annar áfangi, eða síðari áfangi réttar sagt, átti

að tengjast móðurbyggingunni, Héraðshælinu. Með þeirri tengingu átti að skapast mikil hagræðing bæði fyrir íbúana og starfsfólkið, því að vetrinum geta veður oft verið váland og erfitt, einkum fyrir aldrað fólk, að komast þar á milli.

Þessi þáttur í skipulaginu þróaðist þó á annan veg. Þörf var orðin fyrir frekari íbúðir fyrir eldri borgara. Sjálfseignaíbúðir risu því á Flúðabakkanum, 8 einstaklingsíbúðir og 8 hjónaíbúðir í tveimur húsum. Þar með voru þessi áform sýslunefndar, sem skipulagið gerði ráð fyrir, úr sögunni um ófyrirsjáanlega framtíð.

Við gerðum okkur fljótlega grein fyrir því að ekki væri æskilegt að byggja starfsmannaíbúðir hér á sjúkrahússlóðinni. Því hafa íbúðir fyrir starfsfólk verið keyptar niðri í bænum og í dag á Heilbrigðisstofnunin nokkrar íbúðir þar.



Heilbrigðisstofnunin

## Viðbygging við Héraðshælið

Árið 1972 var stjórn Héraðshælisins farin að huga að viðbyggingu við Héraðshælið. Eins og við fyrri framkvæmdir á lóð sjúkrahússins fól sýslunefndin stjórn Héraðshælisins, sem þá var undir stjórn Jóns Ísbergs sýslumanns, sem einnig var oddviti sýslunefndar, að sjá um þann undirbúning, sömu arkitektum og unnið höfðu bæði að skipulagningu lóðarinnar, byggingu læknisbústaðarins og byggingu Hnitbjargar, þeim Ormari Þór Guðmundssyni og Örnólfi Hall sem reka Arkitektastofuna sf., var falið að hanna viðbygginguna í samvinnu við heimamenn og fulltrúa frá hinu nýstofnaða Heilbrigðisráðuneyti, þeim Ingibjörgu Magnúsdóttur, deidarstjóra og Páli Sigurðssyni, ráðuneytisstjóra. Við gerð þessarar viðbyggingar var tekið mið af hliðstæðum byggingum bæði á Ísafirði og í Neskaupsstað.

Nokkur styrir stóð um viðbygginguna hvað stærð snertir, sem ekki verður rakinn hér, en hann olli þó nokkri seinkun á verkinu. Styririnn stóð aðallega um hina svonefndu þriðju hæð eða sjúkrahúsmuna. Að lokum náðist samkomulag og viðbyggingin reis eins við sjáum hana í dag, þ.e. kjallari og þrjár hæðir alls í kringum 2400 m<sup>2</sup> (fermetrar).

Byggingarframkvæmdir hófust loks árið 1981 eða 9 árum eftir að farið var að huga að þessum framkvæmdum. Viðbyggingin hefur svo verið tekin í notkun í áföngum og er hin glæsilegasta.

Á Skagaströnd lét sýslunefndin byggja fyrir nokkrum árum dvalarheimili fyrir 12-16 manns og í dag, þann 13. des. 2005 þegar þetta er ritað, var þar tekin fyrsta skóflustungan að nýrri heilsugæslustöð. Verður hún í nánnum tengslum við dvalarheimilið, sem hefur fengið nafnið Sæborg.

Búið hefur verið vel að eldri borgurum sýslunnar og höfum við síður en svo verið eftirbátar annara staða á landinu á því sviði.

Í Austur-Húnavatnssýslu hefur verið haldið áfram uppbyggingu heilbrigðismála eins og komið hefur fram hér að framan. Hafa þar að jafnaði verið starfandi dugmiklir lækna og læknisþónustan verið með því betra sem völ hefur verið á í dreifbýli.

Skrifað í des. 2005

Sigursteinn Guðmundsson

# HÉRAÐSHÆLI Austur-Húnavetninga

## Nokkrir þættir um upphaf og undirbúning að byggingu samkvæmt skráðum heimildum í fundargerðarbók sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu

Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu keypti árið 1922 fasteignir fráfarandi læknis, íbúðarhús og viðbyggingu en í henni var vísir að sjúkrahúsi, sem tók um 14 sjúklinga eftir stækkun í kringum 1930. Þar var einnig skurðstofa, sem Páll Kolka notaði mikið enda ekki auðhlaupið að koma veikum sjúklingi á fullkomnara sjúkrahús, en Páll var góður og heppinn skurðlæknir. Hann var skipaður héraðslæknir hér í sýslunni vorið 1934 og ávann sér strax vinsældir sem duglegur læknir.

Páll V. G. Kolka var kosinn sýslunefndarmaður fyrir Blönduóshrepp árið 1938 og mætti á sýslufundi það ár. Þá þegar hefur hann látið til sín taka, bæði í sýslunefnd og almennt í sýslunni, því á sýslufundi 1942 bera þrír sýslunefndarmenn fram þessa tillögu: „Sýslunefndin samþykkir að greiða héraðslækni, Páli V.G. Kolka kr. 1.000.- úr sýslusjóði í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin lækniisstörf”. Tillagan var samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum. Páll Kolka óskaði eftir því að bókað yrði að hann ráðstafi þessum peningum til framfaramála í sýslunni.

Til þess að fá samanburðartölur um verðgildi þessarar viðurkenningar er rétt að geta þess að fjárveiting til sjúkraskýlisins á Blönduósi þetta ár var 5.500 krónur og að dagkaup vegavinnumanna í sýsluvegunum skyldi vera 16 krónur.

Á sýslufundi tveimur árum síðar eða 1944 leggur sýslunefndarmaður Svínavatnshrepps, Jakob Sigurjónsson, fram tillögu sem samþykkt var um að kanna áhuga í héraðinu fyrir byggingu dvalarheimilis fyrir gamalmenni. Þessi könnun var gerð og á sýslufundi 1945 var þessi tillaga samþykkt: „Með því að stofnun elliheimilis fyrir Austur-Húnavatnssýslu hefur almennt fylgi í héraðinu ákveður sýslunefndin að kjósa þriggja manna millifundanefnd til að undirbúa málið og leggja ákveðnar tillögur um það fyrir næsta aðalfund sýslunefndarinnar”. Páll V.G. Kolka, Jakob Sigurjónsson og Hafsteinn Pétursson voru kosnir í nefndina.

Á þessum sama fundi tilkynnti sýslumaður, að Kaupfélag Húnavetninga hefði afhent 15.000 krónur til elliheimilisbyggingar og Þorbjörn Björnsson, Geitaskarði og kona hans, Sigríður Árnadóttir, afhentu bankabók með 10.000 krónum til elliheimilisins.

Á sýslufundi 1948 skýrði Páll V.G. Kolka frá störfum millifundanefndar viðvíkjandi byggingu héraðshælis fyrir sjúklinga og gamalmenni og lagði fram undirbúningsteikningu af hælínu, sem mundi rúma 12 – 16 sjúklinga, ellideild fyrir 20 – 24 vistmenn og 3 smádeildir með 2 herbergjum hverja. Benti hann á ýmsar leiðir til fjárflounar, svo að ef ríkisstyrkur fengist að 2/3 hlutum, þá ætti ekki að vera ofvaxið héraðinu að koma upp slíku húsi. Að síðustu lagði hann til að sýslunefndin kysi 3 menn í fjárflounar- og framkvæmdanefnd og að Kvennasambandi og Ungmennasambandi sýslunnar verði gefin kostur á að bæta í þá nefnd 2 mönnum hvoru.

Ekki er að sjá að þetta erindi hafi fengið sérstaka afgreiðslu aðra en þá að síðar í bókuninni segir: „89. Kosnið í Héraðshælisnefnd: Guð-

brandur Ísberg, Páll V.Kolka, Hafsteinn Pétursson.“ Þessi nefnd varð svo byggingarnefnd Héraðshælisins með þeirri breytingu að Hafsteinn Pétursson óskaði að víkja úr nefndinni og í stað hans kom Björn Pálsson.

Með nokkrum rétti má segja að á sýslufundinum 1948 hafi í raun verið tekin ákvörðun um að byggja Héraðshælið. Í málaskrá sýslufundargerða verður eftir þetta að leita undir orðinu Héraðshælið en áður var það Elliheimilið.

Tekist hafði að sameina héraðsbúa um Héraðshælisbygginguna, en það var aðeins áfangasigur. Það var ekki nægilegt að heimamenn vildu byggja heldur varð að fá samþykki stjórnarráðsins og landlæknis. Og svo stofnunar, sem nútímamenn þekkja aðeins af afspurn, Fjárhagsráðs. Það var sótt um byggingarleyfi en synjað oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. En þrátt fyrir synjun var hafist handa og grunnur Héraðshælisins grafinn haustið 1951 og hafist handa við byggingu hússins sumarið 1952.

Um byggingaframkvæmdir vísa ég í grein Páls V.G. Kolka í Ársritinu Húnavetningi árið 1956, sem gefið var út af Húnavetningafélaginu á Akureyri. Hann var frumkvöðull og baráttumaður fyrir

byggingu Héraðshælisins eins og farið var að kalla þetta væntanlega sjúkrahús og umönnunarheimili. Í þessari grein lýsir hann fyrst undirbúningsvinnu og svo síðar húsinu sjálfu. Og það hafa ekki aðrir gert betur.

Þótt Fjárhagsráð hefi verið erfitt og sýnt lítinn skilning, þá leystist það og tíminn vann með heimamönnum. „Erfiðast var að fást við heilbrigðisfyrirvöld ríkisins. Þáverandi landlæknir, Vilmundur Jónsson, taldi fyrirhugaða byggingu helmingi of stóra og neitaði að samþykkja hana. ... Eftir það kom landlæknir og skoðaði spítalann, fullgerðan að mestu, og hafði ekkert út á hann að setja annað en það, að hann væri alltof stór ... “. Sagði Guðbrandur Ísberg, sýslumaður, í vitali, sem Húnavakan átti við hann árið 1969 (bls. 104).

Einhverju sinni var verið að ræða um tregðu landlæknis að samþykkja húsbygginguna og einhver viðstadda spurði hvort hægt væri að minnka húsið t.d. með því að taka út íbúðir læknis að aðstoðarlæknis. Páll Kolka hafði þá ekki aðstoðarlækni eins og svo oft áður. Hann lagði mikið upp úr því að vera búsettur í sjúkrahúsinu meðan aðeins einn læknir væri við spítalann og sagði eitt-hvað á þá leið, að það væri allt annað að líta á mikið veikan sjúkling áður en hann færi að sofa eða jafnvel um miðja nótt, þegar hægt væri næstum því að fara í næsta herbergi heldur en að rífa sig upp og fara í annað hús. Fundarmenn ræddu þetta ekki frekar. Þá var sjálfvirkur sími ekki kominn, hvað þá gemsarnir.

Landlæknir var okkur erfiður fyrst, en það kom að því að hann skipti um skoðun. Þá var hann okkur velviljaður. Hann sá um útgáfu bókarinnar: Læknar á Íslandi, 2. bindi árið 1970. Um spítalann á Blönduósi segir hann á bls. 388 – 390: „Í árslok 1950 var lokið byggingu stórhýsis á Blönduósi ... nýstárlegrar og einstæðrar stofnunar,



Jón Ísberg



Páll V.G. Kolka



Bygginganefnd Héraðshælisins

Þar sem vera skyldi undir einu þaki almennt sjúkrahús og elli- og örorkuheimili svo og yfirlæknis- og aðstoðarlæknisbústaðir, ... Stofnun

þessi, sem ber heitið Héraðshæli Austur-Húnavatnssýslu, telst hafa hafið störf 1. janúar 1956.”

Undirritaður var skipaður fulltrúi sýslumanns sumarið 1952. Og sem slíkum falið að sjá um bókhald byggingarinnar og greiða reikninga hennar vegna. Það var ákveðið að ég sæti stjórnarfundum og gæfi upplýsingar eftir óskum. Þess vegna þekki ég þessa sögu mjög vel.

Nú þegar 50 ár eru liðin frá því að Héraðshælið tók til starfa væri rétt að minna á allt það ágæta fólk sem starfað hefur á stofnuninni. Það verður ekki gert í þessu greinarkorni, en bíður betri tíma.

Þessi grein fjallar um undirbúning og byggingu Héraðshælisins, þar sem m.a. kom fram sú skoðun, að stofnunin væri alltof stór. En reynslan varð sú, að áður en áratugur var liðinn var farið að undirbúa stækkun. Sýslunefnd gerði svofellda samþykkt árið 1967: „38. b. Sýslunefnd felur stjórn Héraðshælisins að hefja nú þegar undirbúning að byggingu læknisbústaðar ... “.

Jón Ísberg

## Hjúkrunarþjónusta frá 1956 – 2006

*Á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi eru í dag tvær deildir sem skiptast í deild 2 og deild 1. Á deild 2 er sjúkradeild á þriðju hæð og dvalardeild á þeirri 4. Þær eru reknar nú sem ein eining og þar geta dvalið alls 24 skjólstaðingar, sem eru nokkuð sjálfbjarga. Á deild 1 eru rúm fyrir 23 sjúklinga sem þurfa á meiri þjónustu að halda.*



### *Sjúkradeildin 3ju hæð, eldra húsi, síðar deild 2.*

Á sjúkradeild í upphafi voru 30 sjúkrarúm. Á deildinni voru eitt baðherbergi, tvö salerni, skolherbergi, býtibúr, vaktherbergi, fæðingarstofa, skurðstofa, sótthreinsunarherbergi og 10 herbergi með rúmunum fyrir 2 – 4 sjúklinga í hverju herbergi.

Þó nokkur herbergi hafa skipt um hlutverk frá upphafi. Fæðingarstofan varð að vaktherbergi, skurðstofan breyttist í sjúkrastofu og er núna borðstofa. Baðherbergið varð að skolherbergi, skolherbergið varð að sturtubaði með salerni sem var haft fyrir sængurkonur. Vaktin varð að setustofu. Sótthreinsunarherbergið varð að baðherbergi með salerni. Einni sjúkrastofunni var breytt í fæðingarstofu, sem nú er orðin að línherbergi. Opnað var inn í eitt svefnherbergi úr læknisíbúðinni og er það nú setustofa. Eftir miklar breytingar var deildin

tekin í notkun aftur þann 15. september 1998 og nefnd deild 2. Þar eru nú rúm fyrir 13 sjúklinga.

Ekki var starfsfólkið margt til að byrja með, en í dag starfa þar alls 10 manns. Sama starfsfólkið sér um að sinna skjólstaðingum á deild 2 og dvalardeild.

Þess má geta að í allmörg ár voru hér við sjúkradeildina hjúkrunarnemar sem störfuðu í sex mánuði. Var þetta liður í þeirra námi, nemarnir höfðu herbergi í Héraðshælinu inn af íbúð frú Önnu Reiners, yfirhjúkrunarkonu. Þessi námsdvöl hjúkrunarnemanna var mjög jákvæð fyrir stofnunina, því oft komu þessir nemar til baka og störfuðu við stofnunina.

Aðstoðardeildarstjóri er Ingibjörg Jónsdóttir í 70% vinnu á dagvöktum, sjúkraliði og ófaglært starfsfólk er á morgun- og kvöldvöktum. Deild 1 hefur alla tíð sinnt næturvöktunum.



#### Dvalardeild á 4. hæð.

Rúm var fyrir 26 vistmenn, 1- 4 í herbergi, og oft voru það hjón sem dvöldu þar. Vistmenn komu með sín rúm og fatnað en náttborð, skrifborð og annan búnað átti sjúkrahúsið. Á deildinni var eitt baðherbergi, tvö salerni, borðstofa, býtibúur, skolherbergi, geymsla og baðstofa, auk 13 herbergja vistmanna. Vistmenn voru almennt yngri en þeir sem nú vistast á dvalardeild. Flestir vistmenn voru nokkuð sjálfbjarga, enda lítill hjúkrunarþjónusta fyrstu árin, nema kona sem sá um ræstinguna og matartímana á morgnana með aðstoð starfsstúlkna frá sjúkradeild. Starfsstúlkur frá sjúkradeild sáu um böðun þeirra sem þurftu hjálp og sáu einnig um kvöldmatar og kvöldkaffitíma ásamt uppvaski.

Þegar vistmenn urðu lasburða voru þeir fluttir á sjúkradeildina og nýir komu í staðinn. Á þeim árum var deildin alltaf fullskipuð. Læknir og hjúkrunarkona fóru á stofugang einu sinni í viku. Með árunum var þjónustan mikið aukin. Ráðið var starfsfólk á deildina sem var á morgun- og kvöldvöktum. Sjúkradeildin sinnti vistmönnum á nóttunni.

Þó nokkrar breytingar hafa farið fram á dvalardeildinni. Fimm herbergjum var breytt í þrjú stærri herbergi með sér svefnaðstöðu. Herbergi við baðstofu var breytt í 2 salerni fyrir vistmenn, gesti og starfsfólk. Baðaðstöðu var breytt til muna. Geymsla varð



Frú Hulda Stefánsdóttir fyrrv. forstöðukona Kvennaskólans á Blönduósi og Halldóra Bjarnadóttir á 100 ára afmæli hennar.

að vaktherbergi sem var síðar aflagt og er orðið að herbergi fyrir vistmann. Borðstofan varð að fönðurherbergi.

Félagsstarf var all nokkuð. Kvenfélögin í sýslunni komu reglulega með skemmtun og veitingar. Einnig komu önnur félagsamtök, klúbbar og kórar til að gleðja aldráða.

Baðstofan er nú sem áður

notuð við hin ýmsu tilefni, s.s. samverustundir, söngskemmtanir, messur, bænastundir og einnig minningarstundir þar sem heimilisfólks er minnst.

Mikill munur til batnaðar varð þegar hægt var að bjóða flestum vistmönnum að vera einum á herbergi. Það er í dag stefna stjórnvalda í málefnum aldráða. Nú árið 2006 er leyfi fyrir 10 einstaklinga á dvalardeild. Leyfunum var fækkað úr 12 í 10 um síðustu áramót og þessum 2 breytt í hjúkrunarrými. Til að gerast vistmaður þarf áður að fara fram svokallað vistunarmat, sem gert er af fagfólki og þjónustuhópi aldráða í sýslunni. Í upphafi dvalar er gerður vistunarsamningur milli vistmanns og stofnunar og sérstakar leiðbeiningar um búnað og þjónustu eru settar fram.


#### Sjúkradeild 3ju hæð, nýbygging.

Flutt var á nýju deildina 1. september 1997 og hún nefnd deild 1. Þessi deild er í alla staði góður vinnu- og dvalarstaður fyrir sjúklinga og starfsfólk. Þessum tímamótum var fagnað með veglegri veislu þann 17. október sama ár. Deildinni voru færðar góðar gjafir.

Á deildinni eru 11 tveggja manna stofur, eitt einbýli, borðstofa, vaktherbergi, 2 skolherbergi, býtibúur, lín, geymsla, baðherbergi, ræstiherbergi og 8 snyrtingar, þar af 5 með sturtu. Við flutninginn komust ekki allir sjúklingarnir fyrir á nýju deildinni og lágu 4-5 enn á gömlu deildinni fyrstu mánuðina.

Sjúklingar sem leggjast inn eru aðallega langlegusjúklingar, hjartasjúklingar, krabbameinssjúklingar, líknandi meðferð, hvíldarinnlagnir og þeir sem koma í minni háttar rannsóknir. Sjúklingar leggjast meðal annars inn í endurhæfingu eftir líðskiptiáðgerðir, einnig eftir slys og ýmsar aðrar áðgerðir. Sinnt er öllum bráða innlögnum af svæðinu. Með árunum hefur legutími sjúklinga styst. Hjúkrunarfræðingar á deildinni framkvæma svokallað RAÍ mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa) þrisvar á ári hjá vistmönnum og langlegusjúklingum, en það er mat sem felur í sér gæðavísa innan hjúkrunar.

Smám saman hefur orðið breyting á hjúkrunarþjónustunni með tilkomu aukins fjölda faglærðs starfsfólks og betri hjálpartækja, auk tækni. Þessi breyting hefur auðveldað alla umönnun sjúklinga og betri vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk. Að jafnaði vinna nú um 30 starfsmenn á deildinni í ýmsum starfshlutföllum, þ.e. hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og ófaglært starfsfólk. Hjúkrunarstjóri yfir báðum deildum er Vigdís Björnsdóttir og aðstoðardeildarstjóri á deild 1 er Ásdís Arinbjarnardóttir.



Sveinfríður Sigurpálsdóttir hjúkrunarforstjóri, Valgerður Guðmundsdóttir hjúkrunarstjóri á heilsugæslu og Vigdís Björnsdóttir hjúkrunarstjóri á deildum I og II

Þrír lækningar starfa við stofnunina sem sinna skjólstæðingum á deildum og heilsugæslu. Yfirlæknir stofnunarinnar er Ómar Ragnarsson og hjúkrunarforstjóri er Sveinfríður Sigurpáldóttir.



### Dægradvöl

Dægradvöl er fyrir hressari einstaklinga uppi á dvalardeild þrjá daga í viku og stefnt er að því að auka afþreyingu fyrir þá sem þurfa meiri aðstoð. Bænastund er á miðvikudögum sem sóknarprestur sér um. Samverustundir eru haldnar reglulega og einnig koma harmonikkuleikarar í heimsókn.



### Sjúkraþjálfun

Sjúkraþjálfari og aðstoðarmaður sjúkraþjálfara starfa við deildina. Leikfimi hópar eru nú í gangi. Einnig einstaklingsþjálfun og sundtímar.



### Hárgreiðslukona og snyrtifræðingur

Boðið er uppá þjónustu þeirra þegar óskað er eftir.



Starfsfólk stofnunarinnar í fjarkennslu

### Fræðsla

Starfsfólk stofnunarinnar hefur tileinkað sér fræðslu og nýjungar er varða starfið eins og kostur er á. Með aukinni tækni hefur fræðslan færst nær og er nú hægt að fá allskonar efni sent um fjarfundabúnað sem stofnunin á. Starfsfólk hefur séð um fræðslu innanhúss og einnig sækir það ýmskonar fræðslu og námskeið út fyrir svæðið.

### Sjúkraliðanemar í fjarnámi frá Fjölbrautaskóla NV

Á árinu 2000 voru starfsstúlkur við stofnunina hvattar af stjórnendum til að hefja sjúkraliðanám. Kannað var hve margar hefðu hug á náminu með stuðningi frá stofnuninni. Námið hófst á vorönn 2001 með 10 nemendum, en þrjár helltust úr lestinni. Kennt var meðal annars í gegnum fjarfundabúnað í fundarherbergi HSB en síðar fluttist námið í fjarfundabúnað í Grunnskólanum á Blönduósi. Flestar hafa nú lokið eða eru að ljúka námi. Tvær úr hópnum eru nú sjúkraliðar við stofnunina.

### Markmið hjúkrunarþjónustu Heilbrigðisstofnunar Blönduósi

Að veita þá bestu mögulegu hjúkrun, sem völ er á, með einstaklinginn í brennidepli og í samvinnu við ættingja hans og hann sjálfan. Notuð skal stöðluð skráning hjúkrunar þ.e. upplýsingasöfnun, hjúkrunargreining, hjúkrunarmedferð og mat sem hjálpertæki.

Að meta fræðsluþörf einstaklingsins, að hann sé fræddur um ástand og meðferð og þau úrræði sem honum standa til boða. Að hann sé örvaður til sjálfsbjargjar og þátttöku í hjúkrunarmedferð og/eða styrkja þá sem ekki valda því sjálfir.

Að stuðla að betri vinnuáðstöðu starfsmanna, bættum tækjakosti, að auka fræðslu og kynningar á fræðsluefni fyrir starfsmenn til að sinna frekar þörfum um betri þjónustu.



Frá starfsmannaráðsfundi

## Yfirhjúkrunarkonur og hjúkrunarforstjórar frá upphafi :



Anna R. Reiners  
f. 1901 - d. 1981  
Starfaði 1949-1965



Guðrún Árnadóttir  
f. 1924 - d. 2004  
Starfaði 1967-1972



Sveinfríður Sigurpálsd.  
f. 1948  
Starfar frá 1974-1999  
og síðan frá 2001

Yfirhjúkrunarkona var Anna S J Reiners, (f. 1901 – d. 1981)  
sem hóf störf 24. júlí 1949 í gamla spítalanum  
og hætti 15. október 1965.

Guðrún Árnadóttir, (f.1924 – d. 2004)  
yfirhjúkrunarkona byrjaði 16. jan. 1967 og var til 1972.

Eyrún Gísladóttir, (f. 1931- d. 1997) 1972 til júní 1973.

Ingibjörg Guðmundsdóttir, 1. júní –1. nóvember 1973.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir, janúar 1974 til 1.ágúst 1999  
og frá júlí 2001.

Vigdís Björnsdóttir, september 1987 – júní 1988,  
í námsleyfi Sveinfríðar.

Kristjana Arnadóttir, ágúst 1999 – júlí 2001.



Ingibjörg Stefánsdóttir, ljósmóðir

### Fæðingar

Fæðingar hafa alla tíð verið við stofnunina eða til ársins 2006, að þær voru aflagðar. Á sjúkraeild 3ju hæðar í eldra húsi, var útbúin sérstök fæðingarstofa, þegar flutt var í húsið milli jóla og nýárs 1955. Stofan var einangruð frá aðalangi og öðrum sjúkrastofum. Það var gert til þess að ónæði hlytist ekki af því sem þar fór fram, sem sýnir fram-sýni ráðamanna. Þessari aðstöðu var samt síðar breytt í vaktherbergi. Einni sjúkrastofu var breytt í fæðingarstofu við enda gangsins og trúlega var það gert til þess að fá stærra rými. Þar fóru fram fæðingar, lengi vel í allgöðu rými og gátu sængurkonur jafnvel legið þar inni ef ekki var laust rúm á stofunum. Keypt var nýtt fæðingarrúm og reynt að hafa stofuna eins og nútíminn krafðist. Ef á þurfti að halda voru gerðir keisaraskurðir á skurðstofu sjúkrahússins.

Þegar nýja sjúkraeildin var tekin í notkun 1997, fluttist fæðingaraðstaðan enn á ný á 2. hæð nýbyggingar, í enn betri húsakynni og konurnar lágu síðan á nýju sjúkraeildinni. Margar fæðingar fóru fram á stofnuninni gegnum árin og flest árin voru fæðingar á bilinu 30-40, en þeim fækkaði síðan jafnt og þétt, meðal annars vegna breytinga á fæðinga og heilbrigðisþjónustu. Ljósmæður störfuðu fyrrum fyrir sýsluna og höfðu aðstöðu á sjúkrahúsinu fyrir konurnar en unnu á síðari tímum alfarið við stofnunina.

## Nöfn ljósmæðra sem starfað hafa við stofnunina.

Hólmfríður Einarsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir,

Anna Andrésdóttir, Helena Ottósdóttir, Brynhildur Bjarnadóttir,

Guðríður Ármannsdóttir, Agatha Sigurðardóttir,

Erla B. Ólafsdóttir, Hafdís Edda Eggertsdóttir

Bjarney R. Jónsdóttir.

## Heilsugæslan á Blönduósi um áramót 2005 – 2006

Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 var lögbundið að heilsugæslustöð yrði í hverju læknishéraði.

Á Blönduósi var svokölluð H2 stöð og H stöð á Skagaströnd.

Í september 1975 var ráðinn fyrsti hjúkrunarfræðingurinn, sem var

Eyrún Gísladóttir.

Fyrsti yfirlæknir var Sigursteinn Guðmundsson.

Eyrún Gísladóttir var hjúkrunarforstjóri  
01.01.1982- 31.12.1991

Hulda Árnadóttir ljósmóðir var ráðin við heilsugæslustöðina á Skagaströnd 1975.

Valgerður Guðmundsdóttir hóf störf við Heilsugæsluna 01.09.1979,

var hjúkrunarforstjóri frá 01.01.1992 og hjúkrunarstjóri frá 01.01.1999.

Núverandi yfirlæknir er Ómar Ragnarsson



Ómar Ragnarsson yfirlæknir og Valbjörn Steingrímsson framkvæmdastjóri við störf á Kvænnafrídeginum.



Nýbygging Heilsugæslustöðvar á Skagaströnd sem tekið verður í notkun 1. ágúst nk. Húsið fókheldt 11. febrúar 2006

## Heilsuverndin í dag hefur þróast mikið, sérstaklega síðustu árin og helstu þættir hennar eru:



### Ung- og smábarna-vernd:

Tilgangur ung- og smábarna-verndar er að fylgjast með heilsu og framförum á þroska barna, andlegum, líkamlegum og félagslegum frá fæðingu til skóla-aldurs. Fyrstu vikurnar fara hjúkrunarfræðingar í vitjanir til fjölskyldu barnsins og fylgjast með þroska barnsins og

líðan fjölskyldunnar. Fastar skoðanir og bólusetningar eru 11 talsins. Fyrsta skoðun á stöð er við 6 vikna aldur og lýkur með 5 ára skoðun.



### Heimahjúkrun:

Markmið heimahjúkrunar er að gera einstaklingum það kleift að vera eins lengi heima og hægt er í samvinnu við aðstandendur. Helstu þættir heimahjúkrunar eru aðstoð við böðun, lyfjamsjón, sáraskiptingar, andlegur og félagslegur stuðningur o.fl.

### Heilsuvernd aldraðra:

Markmiðið er að styðja eldri borgara. Einstaklingum 75 ára og eldri er boðið í heilbrigðisviðtal hjá hjúkrunarfræðingi. Það er boðið upp á ýmsar mælingar s.s. blóðþrýstings-, blóðsykurs-, vigtunar-, hæðar- og heyrnarmælingu o.fl. Ráðgjöf varðandi heilbrigða lifnaðarhætti og ráðleggingar um ýmis réttindi og stuðning. Einnig ráðgjöf um bólusetningar.



Mæðraskoðun

### Mæðravernd:

Meginmarkmið er að fylgjast með þroska fósturs og heilsu kvenna á meðgöngu.



Sigrún í móttökunni

### Skólalæknisgæsla:

Hjúkrunarfræðingar sjá um lögbundnar skoðanir og ónæmisáðgerðir skólabarna. Einnig sjá þeir um margskonar fræðslu til nemenda, bæði einstaklingsbundna og fyrir bekkji. Viðtalstímar eru vikulega fyrir nemendur hjá hjúkrunarfræðingum.

### Ónæmisáðgerðir:

Heilsugæslan sér um allar ónæmisáðgerðir. Allar lögbundnar frá 3 mán. – 16 ára. Einnig vegna ferðalaga, influensu, lungnabólgu og aðrar þær ónæmisáðgerðir sem landlæknisembættið mælir fyrir um.



Héðinn Sigurðsson heilsugæslulæknir á slysastofunni

### Heilbrigðiseftirlit:

Heilbrigðisskoðanir á starfsfólki fyrirtækja eru gerðar skv. beiðni fyrirtækjanna.

### Krabbameinsleit:

Boðið er upp á krabbameinsleit hjá læknum heilsugæslunnar. Árlega kemur hingað brjóstamyndatæki frá leitarstöð KÍ ásamt starfsfólki og er þá tekið sýni úr leghálsi í leiðinni.

### Næringarráðgjöf:

Boðið er upp á næringarráðgjöf og er hún í höndum hjúkrunarfræðinga. Ráðgjöf er veitt í eftirfarandi:

1. Ráðgjöf fyrir þá, sem vilja léttast eða þyngjast.
2. Ráðgjöf fyrir börn og unglinga.
3. Ráðgjöf v/of háls kólesteróls og sykursýki.

Ráðgjöfin felst m.a. í viðtölum við hjúkrunarfræðing þar sem einstaklingurinn fær afhenta bæklinga og fær leiðbeiningar, fræðslu og stuðning.



Þjálfunarlaug

### Móttaka:

Læknar og hjúkrunarfræðingar hafa daglega móttöku á Blönduósi og á Skagaströnd þrisvar í viku.

### Slysastofa:

Heilsugæslan sinnir slysamóttöku. Einnig eru þar gerðar smááðgerðir.

### Sérfræði þjónusta:

Ýmsir sérfræðingar koma og veita þjónustu sína og er það mjög til bóta fyrir heimamenn. Eftirtalin sérfræðiþjónusta er veitt nú um áramót 2005-2006:

Augnælækna-, bæklunarlækna, háls-, nef- og eyrnarlækna, húðsjúkdómalækna-, kvensjúkdómalæknaþjónusta auk sálfræðiþjónustu.

### Sjúkraþjálfun:

Frá byrjun árs 1989 hafa verið starfandi sjúkraþjálfarar á Blönduósi en fram að þeim tíma höfðu komið sjúkraþjálfarar í skamman tíma í einu. Á þeim tíma var starfsemin staðsett í hluta þess húsnæðis þar sem nú er snyrtistofa Dómhildar. Vorið 1989 var aðstaðan flutt á aðra hæð í nýbyggingunni þar sem síðar var fæðingastofa. Hún var aðeins staðsett þar til árið 1994 en þá var flutt aftur í gömlu bygginguna þar sem félagsþjónustan hefur nú aðstöðu. Enn á ný var farið í flutninga og 22. febrúar 2002 var loks flutt í varanlegt húsnæði í kjallara nýbyggingar þar sem meðal annars eru þrjú meðferðarherbergi, tækjasalur og þjálfunarlaug. Þjálfunarlaugin er mikið notuð fyrir vatnsleikfimi hjá sjúkraþjálfurum og einnig fyrir sjúklinga og vistfólk á sjúkrahúsinu. Sjúkraþjálfun á Skagaströnd hefur verið sinnt af þeim sjúkraþjálfurum sem starfað hafa á Blönduósi síðan árið 1989. Á Skagaströnd er einn meðferðarbekkur og tæki til þjálfunar,

en einnig hafa starfandi sjúkraþjálfarar haft aðgang að tækjasal í íþróttahúsi bæjarins síðustu ár. Í dag starfa á Blönduósi og Skagastrónd þrjú sjúkraþjálfarar. Síðan árið 1989 hefur starf-semin aukist jafnt og þétt og á síðasta ári voru komur meðferð hjá sjúkraþjálfurum tæplega 4000.

Sjúkraþjálfun á Heilbrigðisstofnunni hefur verið sinnt af þeim sjúkraþjálfurum sem hafa starfað við stofnunina hverju sinni. Í dag er hún í umsjá sjúkraþjálfara í 40% starfi og aðstoðarmanns í 70% starfi sem sér jafnframt um reglubundið eftirlit og þrif á þjálfunarlauginni.

## Þvottahús og saumastofa

Í upphafi sá Magna Björnsdóttir um alla þvotta hér við Héraðshælið, hún bjó í hælínu og hafði herbergi inn af eldhúsinu sem síðar var tekið undir starfssemi eldhússins. Maður man nú tímana tvenna hér í þessu þvottahúsi. Reyndar öfugt við margt annað þá er það búið að vera á sama stað frá byrjun. En straustofa og saumastofa hafa færst aðeins úr stað og hefur það komið vel út. Mikið af tauinu er saumað hér. Við höfum frábæra saumakonu. Hún heitir Fjóra Jónsdóttir og kemur frá Skagastrónd þegar þörf krefur og saumar og gerir við. Í þvottahúsi hefur verið skipt nokkuð reglulega um tæki sem eru nú öll orðin sjálfvirk. En þannig var það ekki þegar ég byrjaði, því þá var mikið af tauinu lagt í bleyti í stór kör og bara tvær þvottavélar sem tóku 10 kíló hvor. Þessar vélar undu ekki þvottinn og þurfti að færa þvottinn rennandi blautan í vindur sem undu hann eftir því hvað þær voru stilltar á langan tíma. Síðan kom þvottavél sem gekk fyrir gufu en skellir og læti voru svo miklir að þeir heyrðust í næstu hús. Hún vatt ekki heldur en tók 30 kíló af þvotti. Þessi vél kom frá Danmörku og var ár á leiðinni. Þurrkari var bara einn en eru nú orðnir tveir. Þrisvar hefur verið skipt um strauvél síðan eg byrjaði fyrir 28 árum. Nú eru komnar tvær sjálfvirkar þvottavélar, önnur tekur 12 kíló og hin 40 kíló. Eins eru komnir góðir



Magna Björnsdóttir



Bóthildur Halldórsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir

vagnar og grindur undir tauði. Svona hefur tæknin breyst á ekki lengri tíma. Eitt langar mig að taka fram að þennan tíma sem ég hef séð um þvottahúsið, hefur verið hér sérstaklega gott starfsfólk og það hefur mikið að segja í þeirri samvinnu sem þarf að vera til að hlutirnir gangi upp. Svo vona ég að við eigum öll góðan afmælisdag.



Jón Ólafsson

## Nokkur orð um bókasafn

Í upphafi var orðið sem síðan var fært í bækur. Eitt af því fáa sem hefur lítið breyst í aldanna rás, nema nú er ekki skrifað á kálfsskinn með fjöðurstaf og síðan reynt að éta í hungursneið (segir sagan). Margt mætti þó betur fara í dag, þó ekki vanti tæknina, því sumar bækur eru frekar illa skrifaðar og hvorki upphaf eða endir á þeim og prófarkalestur virðist lítill. Annar galli er líka á bókum í dag og hann er sá að ekki er settur metnaður í letur eða pappír. Stafir eru oft mjög smáir á lélegum pappír, þannig að fyrir sjónskert fólk er þetta oft mjög slæmt, svo ekki sé talað um stærð á bókum, því sumar eru á annað kíló að þyngd. Gjarnan eru þetta ævisögur sem til dæmis eldra fólk les. Hér er ég að lýsa bæði minni skoðun og þeirra sem ég fer með bækur til einu sinni í viku. Því hér er veglegt bókasafn sem var stofnað 24. desember 1933 af Ingibjörgu Lárusdóttur í Ólafshúsi hér í bæ og er allavega ein af þeim bókum til sem hún gaf við þetta tækifæri. Síðan hafa margir gefið allar sínar bækur eða ánað eftir sinn dag og yrði það of langt mál að telja allt það fólk upp. Þó má ég til með að minnst Jóns Ólafssonar sem var lengi með bókasafnið inni í herberginu



sínu og batt líka inn bækur, allt í sama herbergi enda nægjusamur maður. Ég má líka til með að nefna þau systkinin Ingibjörgu og Bjarna Pálsbörn sem gáfu allar sínar bækur til safnsins og eru þær á annað þúsund. Þess má líka geta að þau systkini eru barnabörn Ingibjargar sem áður er nefnd. Líka veit ég að víða bíða bókakassar þess að komast á safnið en ekki verið pláss. Þau tvö herbergi sem bókasafnið hefur eru fyrir löngu orðin of lítil, því framkvæmdastjórar hafa líka verið jákvæðir með að veita peninga í nýjar bækur fyrir jólin. En nú stendur til að bókasafnið fái annað húsnæði sem kemur til með að verða mjög skemmtilegt og bjóða upp á ýmsa möguleika og verður það spennandi að sjá hvernig það kemur út og kann ég framkvæmdastjórn bestu þakkir fyrir það.

Hér hefur verið stiklað á stóru og kannski hefur eitthvað gleymst og bið ég afsökunar á því. En bækurnar tala sínu máli eins og áður og vonandi áfram á öld tækni og hraða. Svo vona ég að við eigum öll góðan afmælisdag.

Bóthildur Halldórsdóttir,  
starfsmaður bókasafns.



Magdalena Björnsdóttir



Mikil breyting varð þegar matarbakkarnir voru teknir í notkun



## Rannsókn og myndgreining

Á rannsóknarstofu og í myndgreiningardeild starfa tveir starfsmenn í 1.4 stöðum. Deildirnar eru opnar virka daga frá kl. 08.00 til 16.00 en utan þess tíma og um helgar er

skiptast starfsmenn á um bakvaktir. Rannsóknarstofan er vel tækjum búin og eru helstu blóðrannsóknir gerðar á staðnum og ef þörf krefur eru sendar flóknari rannsóknir á rannsóknarstofur í Reykjavík eða Akureyri. Myndgreiningardeildin er vel tækjum búin og eftir að Hollvinasamtökin gáfu stofnuninni stafrænan búnað við myndgreiningartækin á síðasta ári var stofnunin komin í fremstu röð heilbrigðisstofnana hvað þessi mál varðar. Þjónustan er hröð og góð en stofnunin er í samvinnu við röntgenlækna Domus Medica í Reykjavík um úrlestur mynda.



Ingvi Þór og Einar Óli, ráðsmenn HSB

## Kjallari

Í kjallara gamla Héraðshælisins er aðsetur ráðsmanna sem einnig sjá um sjúkraflutninga héraðsins. Ráðsmenn sinna einnig öllu almennu viðhaldi og hafa yfirumsjón með rekstri fasteigna stofnunarinnar.

## Eldhús

Það hafa orðið miklar breytingar í eldhúsi sem og annarsstaðar á þessum 50 árum síðan þetta hús var tekið í notkun. Magdalena Björnsdóttir (Lena) var ráðskona og Helga Sigurðardóttir aðstoðarráðskona. Tvær Rafha-eldavélar voru til og bakað á hverjum degi. Allur matur var unnin meira, kjötið var saltað og allt álegg búið til. Slátur og annar súrmatur gerður á haustin. Mjólkin kom í brúsum. Enginn kæli var, bara köld geymsla og lítill frystir. Einn kælikápur var. Geymslur voru allar í kjallara og þurfti að sækja allt þangað sem þurfti fyrir daginn. Rauðkál og grænar baunir voru soðnar fyrir hátíðar og frómas og ís búið til. Matur var sendur á deildir í matarlyftu sem flestir eru búnir að gleyma hvar var. Þegar hér er komið við sögu fara hlutirnir að gerast hratt. Inn af eldhúsinu voru íbúðir starfsfólks sem síðar voru teknar undir starfssemi eldhússins. Gömlu Rafha-vélarar luku sínu hlutverki. Stór og fullkomin tæki tóku við. Bakkafæði var tekið upp og nýjir yfirmenn tóku við, því hinir voru búnir að skila sínu og hurfu á braut eins og gömlu tækin. Ásrún Ólafsdóttir tók við sem ráðskona og var í nokkur ár. Á eftir henni kom Elísabet Jónsdóttir, en hún var búin að vinna í eldhúsi í mörg ár og Halldóra A. Heyden kom sem aðstoðarráðskona. Áfram komu breitingar, þá helst í matargerð. Nú er grillað í staðinn fyrir tuskukjötið sem var svo vinsælt í tíð Lenu og Helgu. Reyktur og steiktur lundi er árlegur viðburður. Jólahláðborðið er orðið mjög vinsælt svo ekki sé talað um Þorláksmessuskötuna og þorramatinn. En sem betur fer er haldið enn í gamlar hefðir. Álegg er enn búið til og slátur soðið á haustin, meira að segja gamli góði hræringurinn er enn á boðstólum. Hér hefur verið farið hratt yfir sögu og margt ósagt sem bíður betri tíma.



Rauði kross Austur Húnavatnssýslu afhendir Héraðshælinu sjúkrabíl



Núverandi sjúkrabílar héraðsins



Ljós.: Valbjörn Steingrímsson

*Sendum Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi  
hamingjuóskir í tilefni dagsins*



**ÖRUGGUR  
REKSTUR  
TÖLVUKERFA**

Furuvellir 13 - 600 Akureyri  
akureyri@skýrr.is - s. 4605300